

Ed. 238. Frumvarp til laga

um uppeldisheimili fyrir vangæf börn og unglínga.

Flm.: Guðrún Lárusdóttir.

1. gr.

Vangæf börn og unglíngar eru í lögum þessum talin drengir og stúlkur, sem eru svo siðferðislega vanþroska, að þau brjóta hegningarlögin, sýna vitaverða ósiðsemi eða eru svo ódæl heima fyrir, að áæstandendur og kennarar ráða ekki við þau.

2. gr.

Stofna skal, svo fljótt sem við verður komið, tvö uppeldisheimili fyrir vangæf börn og unglínga, annað fyrir drengi og hitt fyrir stúlkur. Skal hið fyrra taka til starfa ekki síðar en haustið 1937 og hitt ekki síðar en haustið 1938.

3. gr.

Ríkið starfrækir heimili þessi á sinn kostnað, eftir reglugerð, er kennslumálaráðherra setur í samráði við barnaverndarráð og fræðslumálastjóra.

4. gr.

Uppeldisheimili þessi skulu geta tekið, hvort um sig, 25–30 börn og unglínga, allt að 18 ára gamla, sem barnaverndarnefndir eða lögreglustjórar ráðstafa þangað. Verði aðsókn meiri en húsrúm leyfir, ganga börn innan 15 ára

aldurs fyrir þeim eldri, og þau börn lätin sitja í fyrirrúmi, sem fátækust eru eða erfiðust þykja heima fyrir.

5. gr.

Kennslumálaráðherra ákveður, í samráði við barnaverndarráð, hvar þessar stofnanir verða, en þó skulu þær vera í sveit, þar sem er nægilegt landrými til búskapar, svo að börnin og unglingarnir geti vanizt algengri sveitavinnu.

Ákvæði um stundarsakir.

Þangað til stofnanir þessar taka til starfa, skal rikissjóður greiða allt að hálfri meðgjöf með vangæfum börnum og unglingum, sem barnaverndarnefndir eða lögreglustjórar ráðstafa á sveitaheimili eða einkahæli, sem barnaverndarráð mælir með.

Meðgjöf úr rikissjóði má þó aldrei fara fram úr 1 krónu á dag fyrir hvert barn, enda sé fé veitt til þess í fjárlögum.

Greinargerð.

Efri deild Alþingis samþykkti á síðasta Alþingi þingsályktun um að fela rikisstjórninni að undirbúa löggjöf um uppeldisstofnun fyrir vangæf börn og unglínga. Mér vitanlega hefir ekkert verið gert í því efni, og ber ég því fram frumvarp þetta.

Þörfin er brýn. Vangæfum börnum og unglingum fer óðum fjölgandi, og á hverjum vetri gerast þau ótíðindi, bæði hér í bæ og miklu víðar, að sorglega mörg börn verða brotleg við hegningarlögin, eða eru svo ódæl, að hvorki kennarar þeirra né aðstandendur ráða við þau. Og þá er ekki síður kunnugt, að framferði ýmsra unglínga horfir til vandræða og getur orðið þjóðfélaginu fulldýrt síðar, ef ekkert er gert til að breyta viljastefnu þeirra.

Samkvæmt skýrslum, sem barnaverndarráðið hefir fengið í vetur frá lögreglustjórum og sýslumönnum um börn og unglínga, sem hafa orðið brotleg við landslög árin 1930—1934, er tala þeirra sem hér segir í 8 umdæmum:

	Innan 15 ára			15—20 ára			Alls
	Piltar	Stúlkur	Samt.	Piltar	Stúlkur	Samt.	
Reykjavík	174	9	183	415	21	466	649
Vestmannaeyjar, 1931—1935 ..	14	„	11	42	„	42	56
Neskaupstaður	15	„	15	20	„	20	35
Akureyri og Eyjafjarðarsýsla .	7	„	7	12	1	13	20
Ísafjörður og Ísafjarðarsýsla ..	„	„	„	12	„	12	12
Suður-Múlasýsla	6	„	6	3	„	3	9
Skagafjarðarsýsla	2	„	2	2	„	2	4
Þingeyjarsýsla	2	„	2	2	„	2	4
Alls	220	9	229	538	22	560	789

Í sjö umdæmum voru ekki talin nein slík brot, en fleiri skýrslur eru eigi komnar.

Af þeim 174 piltum, yngri en 15 ára, sem lögín brutu í Reykjavík þessi ár, voru hegningarlagabrot hjá 45 drengjum 5 til 11 ára og 60 hjá drengjum 12--14 ára, en 6 hjá stúlkum innan 15 ára.

Ennfremur koma til barnaverndarnefnda í flestum kaupstöðum landsins ýms vandræðamál út af vitaverðu lauslæti barna innan 15 ára aldurs. Er oftast nær harla erfitt að ráða nokkra verulega bót á þessu. Sveitaheimilin eru tiltölulega fá, sem fær eru um og fús til að taka þessi börn, og aðstandendur alloft ófærir um að gefa með börnunum, þótt slík heimili væru til. Þess eru og dæmi, að fyrirspurn hafi komið úr sveit, hvort ekki væri unnt að koma fyrir í „einhverju hæli“ unglíngum, sem ekki réðist við fyrir þjófnaðarhneigð eða aðra óknyttil.

Þá má og benda á, að það er ekki vansalaust fyrir þjóð vora, hvað barnahæli og uppeldisstofnanir eru sárfáar hérlendis, og hvað ríkið styrkir þær stofnanir lítið, sem til eru. Allar menningarþjóðir hafa fyrir löngu stofnað fjölda-mörg og ýmiskonar barnahæli; sum þeirra eru orðin 150--200 ára, og jafnvel Grænlendingar hafa orðið á undan oss í þessu efni. Elzta barnahæli þeirra var vígt í nóvember 1921, en fyrsta barnahælið á Íslandi, sem starfar allt árið, Vorblómið í Reykjavík, var stofnað 1. júní 1928. Og síðan hefir ekki nema eitt slíkt barnahæli bætt við, barnahæmið Sólheimar í Grímsnesi, stofnað 1930. Og eiga þau bæði við mikla fjárþröng að stríða.

Það er æðiolíkt um að litast í þessum efnum hjá sambandsþjóð vorri, Dön-um, eins og hér skal lauslega dregið á til fróðleíks.

Barna- og unglíngahælin í Danmörku, sem starfa allt árið, skiptast í 7 aðgreinda flokka, sem yrði of langt upp að telja hér, en þetta má nefna:

	Börn og unglíngar					
	31.3.34		31.3.35		á þeim hælum	
	31.3.34	31.3.35	31.3.34	31.3.35	31.3.34	31.3.35
Viðurkennd barna- og unglíngahæli, er ríkisstyrks njóta, alls	249	267	6753	7375	6299	7138
Önnur barnahæli	88	71	1878	1318	1729	1198
Alls	337	338	8631	8693	8028	8336

Aðalreglan er, samkvæmt síðustu löggjöf Dana um barnavernd og fátækramál, að aðstandendur greiði með börnunum sem svarar fæðiskostnaði þeirra, en fátæk börn fái þó dvölina alveg ókeypis. Ríkið greiðir allt, sem viðurkennd hæli þurfa að öðru leyti. Það er engin smáræðis fúlga. Í fjárlögum þeim, sem nú gilda í Danmörku, frá marzlökum 1935 til marzlöka 1936, eru ætlaðar til barnaverndar, þ. e. a. s. til barna- og unglíngahæla og stjórnar barnaverndarmála, nærri 3,6 milljónir króna (3582000), eða hér um bil 1 kr. á hvert mansbarn í Danmörku, og þó er ekki þar með talið margfalt meira fé, sem ríkið leggur til uppeldis fávitum, blíndum, heyrnarlausum og öðrum fölluðum börnum, né þeim börnum, er misst hafa foreldra sína, annað eða bæði, og ekki dvelja í barnahælum.

Að öllu þessu ihuguðu er það hvorki ótímabært né of langt farið, þótt ríkissjóð vorum sé ætlað að sjá um 2 líttar uppeldisstofnanir handa þeim börn-

um, sem hætt er við, að ella mundu síðar verða ríkinu kostnaðarsamt vandræðafólk.

Kostnaðaráætlun er ekki unnt að gera fyrirfram með neinni nákvæmni, því að þar kemur svo margt til greina, sem reynslan verður að skera úr. Stofn-
kostnaður fer mjög eftir því, hvort reist verða dýr hús þegar í stað, eða vel hýst sveitabýli keypt með góðum borgunarskilmálum, þar sem litlu þyrfti við að bæta á meðan reynsla er ekki fengin um aðsóknina. Þá fer og rekstrarkostnaðurinn töluvert eftir því, hvernig búskapurinn gengur, sem sjálfsagt er að reka í sambandi við stofnunina.

Aðstoð ríkissjóðs til að koma fátækum, vangæfum börnum til dvalar í sveit fyrst um sinn er hið mesta nauðsynjamál eins og sakir standa nú. En ekki ætli sú upphæð að þurfa að fara fram úr 3000 kr. á næsta ári.